

Fundur 6.1.2025 Hrærekur, Norskur maður frá um 800.

Góða kvöldið.

*Góða kvöldið.*

Gleður mig að tala til ykkar og virðist mér sem samband þetta lendi í örðugleikum þar sem langt er síðan ég var uppi, en ætla ég nú samt að reyna.

Ekki er víst að þið skynjið orku mína og ekki er víst að þið náíð beinni tengingu við hana, en hef ég þó samt sem áður tengingu við ykkur og gleður það mig mjög að hér inni í ykkar sal eru nokkrir einstaklingar sem bæði þekkja til þeirra landsvæða sem ég hef dvalið á og þjóða þeirra sem ég tengist mjög sterkum böndum og sem aðhyllast hina fornu trú og hjálpar það mér við að koma fram þessu erindi mínu.

Mikið hefur mér verið hugsað til ykkar á þessu erfiða skeiði jarðar ykkar og mikið hefur mér verið hugsað til hinna fornu þjóða sem gátu af sér fjölmarga afkomendur þeirra landa sem ég hef haft samband við í sambandsstöðvum okkar jarðar og í fyrri jarðvistum.

Hefur það verið mitt áhugamál mjög lengi að stöðva þann stríðsrekstur sem þar geisar og ekki vafi að Jahve vill þar fækka góðu fólki.

Hef ég um langt skeið bæði haft yfir umsjón og einnig þjónustað okkar fjölmörgu byggðir og þætti ykkur fróðlegt að heyra um það hversu víða þessar þjóðir hafa dreift sér um geiminn.

Og er ég sjálfur af Norrænum ættum, nafn mitt er Hrærekur og er nafn afa míns Hróðrekur og er það sama nafnið en breyttist það með tímanum.

Er ég Norðmaður en fór ég til Kænugarðs og Garðaríkis í lifanda lífi, en féll ég þar í orrustu, og hef ég meira af mínu framlífi að segja en jarðlífi mínu á jörðinni, en engu að síður tengslin eru mörg og margvísleg og tókst okkur að stofna ríki í framlífinu, þar sem saman komu Norrænir menn og Slavar og vil ég meira af þeim þjóðum og ríkjum segja sem fóru friðarleiðina en stríðsleiðina, en hvort tveggja hefur verið til, alveg eins og á gömlu jörðinni minni og ykkar.

Var ég uppi skömmu áður en Víkingaöldin hófst að fullum þunga, en hef ég verið víða alveg síðan það gerðist og vona ég að Rússar og Úkraínu menn eigi eftir að semja frið og ganga saman götuna, veginn til frelsis og hamingju, eins og við höfum gert hér á þessum hnetti og höfum gert í gegnum margar jarðvistir og framlífs jarðir.

Það er eitt af því sem núverandi Rússlands forseti þarf að læra, að meta Norræn áhrif í sínu víðlenda ríki og kunna að meta fortíð landsins sem ekki hafði orðið með þeim hætti sem hún varð, án aðkomu Norrænna manna.

Og þurfa allir þjóðhöfðingjar að gæta þess að viðhafa auðmýkt og sveigjanleika í samskiptum við aðrar þjóðir, þótt eðlilegt sé að vilja hag sinnar þjóðar sem mestan og vilja ekki beygja sig fyrir valdhöfum og drottunargirni annarra þjóðhöfðingja og samvelda.

Ekki veit ég hvort mér tekst að koma mikið lengur fram í sambandinu, nafn mitt er Hrærekur og vona ég innilega að Íslendingar taki upp þetta nafn aftur og skíri börn sín þessu heiti, þýðir nafn mitt, sá sem er á fódri og orðið fullsæmdur og hefur unnið góð verk, hvort sem þau eru í stríð eða friði.

Verið þið sæl og þakka ég fyrir mig.

*Má ég spurja þig einnar spurningar ?*

Já.

*Hefur þú eitthvað heyrt af honum Arnljóti Gellini ?*

Já já hann hefur nú margt unnið og já já. Merkilegur.

*Merkilegt, ég skynja hann stundum, ég bið að heilsa honum.*

Já ég skila því og þú mátt skynja meira til hans og okkar.

*Takk fyrir.*

Já verið þið sæl.

*Vertu sæll og þakka þér fyrir komuna.*